



# Oddeyrarskóli Tengja

Desember  
4. tbl.  
skólaárið  
2013-2014

## Jólamánuðurinn genginn í garð

Tíminn líður ótrúlega hratt og enn og aftur er kominn desember með öllu því sem hann hefur upp á að bjóða. Eftir annasamt haust með mikilli og góðri vinnu nemenda og kennara munum við brjóta skólastarfið upp í auknum mæli með ýmsum hætti. Nemendur vinna nú að því að skreyta skólann og senn bíður þeirra laufabrauðsskurður, kaffihús og litlu jól. Við hlökkum til desembermánaðar með okkar frábæru nemendum og vonum að þið njótið aðventunnar! Starfsfólk Oddeyrarskóla.



## Peysur merktar Oddeyrarskóla

Í ár ætlar nemendaráð Oddeyrarskóla að bjóða nemendum og starfsfólki skólans að kaupa hettupeysur merktar skólanum. Peysurnar munu kosta 4.500 og verður að borga þær áður en pöntun verður send úr húsi eða fyrir föstudaginn 6. desember (eingöngu hægt að borga með peningum).



Peysurnar eru í barnastærðum frá 7 -13 ára og svo fullorðinsstærðum frá S til 2XL. Hægt var að máta peysur föstudaginn 29. nóvember og mánudaginn 2. desember. Ef einhverjir sem ekki komu hafa áhuga á peysum þurfa þeir að hafa samband við skólann sem allra fyrst.

## Forvarnarteymi gegn einelti

Nú hefur tekið til starfa nýtt forvarnarteymi gegn einelti í Oddeyrarskóla.

Í teyminu starfa Heimir Örn Árnason kennari, Hlín Bolladóttir kennari, Þuríður Lilja Rósinbergsdóttir námsráðgjafi og Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri.

Teymið vinnur nú að því að endurskoða viðbragðsáætlun skólans gegn einelti og vinna að hugmyndabanka sem nýtist í forvarnarskyni. Ætlun teymisins er að stuðla að auknum forvörnum gegn einelti, auka eftirlit með líðan og samskiptum innan skólans og tryggja skilvirka starfshætti þegar tilkynningar berast um einelti.

Viðbragðsáætlun skólans gegn einelti má finna á heimasíðu skólans undir tenglinum starfshættir og hvetjum við foreldra eindregið til að kynna sér innihaldið. Ef þið hafið ábendingar óskum við eftir að heyra frá ykkur, best er að senda tölvupóst til Þuríðar námsráðgjafa, [thl@akmennt.is](mailto:thl@akmennt.is).



## Á döfinni

### 6. desember:

Hæfileikakeppnin  
“Oddeyrarskóli got talent”  
haldin á skólatíma.

**17. desember:** Nemendur  
skera út laufabrauð.

**18. desember:** Jólamatur. Þeir  
sem ekki eru í mat í desember  
geta skráð sig í þessa máltíð  
sérstaklega (sem allra fyrst hjá  
ritara) og greiða 500 kr.

### 19. desember:

**Kaffihúsadagur.** Nemendum  
skólans boðið á kaffihús í boði  
9. bekkjar og foreldrafélagsins.

**20. desember:** Litlu jól

**6. janúar:** Kennsla hefst á nýju  
ári.

**25. janúar:** Árshátíð nemenda

## Niðurstöður samræmdra könnunarprófa



NÁMSMATSSTOFNUN

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa voru  
birtar í nóvember.

Í 4. bekk var meðaleinkunn skólans í íslensku 4,6 en landsmeðaltal er 5,9. Meðaleinkunn 4. bekkjar í stærðfræði er 4,4 en meðaleinkunn 4. bekkjar á landsvísu er 6,8. Þessar niðurstöður eru talsvert undir landsmeðaltali en þær verða notaðar til áframhaldandi vinnu með bekkinn. Í 7. bekk var meðaleinkunn í íslensku 5,4 meðan landsmeðaltal er 6,4 og meðaleinkunn 7. bekkjar í stærðfræði er 6,2 en landsmeðaltal 6,8. Í 10. bekk er meðaleinkunn í íslensku 5,2 og landsmeðaltal 5,9 og í ensku var meðaleinkunn 6,4 í skólanum en en 7 á landsvísu. Annar kvarði var notaður í stærðfræði, eða ABCD. Niðurstöður voru svipaðar og á landsvísu.

Ljóst er að þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við væntingar okkar í Oddeyrarskóla um árangur. Vinna hefur staðið yfir í skólanum við að finna leiðir til aukins námsárangurs og heldur sú vinna áfram. Kennarar eru búnir að rýna í niðurstöður og munu gera áfram ásamt því að vinna að endurbótum. Sú vinna felst m.a. í aukinni samræðu milli stiga um kennsluhætti og viðmið um árangur. Einnig njótum við ráðgjafar sérfræðinga hjá Miðstöð skólaþróunar við HA þar sem kennar rýna í eigin störf í leit að bættum árangri.

## Skólapúlsinn—helstu niðurstöður fyrirlagnar í september



Á hverju ári eru skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í grunnskólum Akureyrar og víðs vegar á landinu. Skólapúlsinn hefur því hlutverki að gegna að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu. Allir nemendur í 6.—10. bekk Oddeyrarskóla svara könnuninni á hverju ári, helmingur nemenda í október og hinn helmingurinn í febrúar. Niðurstöður úr mælingum Skólapúlsins frá því október liggja nú fyrir. Niðurstöður birtast sem frávík frá landsmeðaltali. Í mælingum undanfarinna ára hefur komið fram að nemendur í Oddeyrarskóla sýndu töluvert minni þrautseigju í námi og höfðu minni trú á eigin námsgetu en aðrir nemendur á landinu. Á þessu varð mikil breyting nú í október þar sem nemendur Oddeyrarskóla sýna nú svipaða þrautseigju og trú á eigin námsgetu og aðrir nemendur á landinu. Það er líka gaman að sjá að þeir hafa meiri ánægju af stærðfræði, náttúrufræði og lestri en landsmeðaltal segir til um. Aftur á móti er sjálfsálit þeirra minna en jafnaldra og þeim finnst þeir hafa minni stjórn á eigin lífi en aðrir nemendur í landinu. Einnig upplifa nemendur í Oddeyrarskóla meira einelti en aðrir nemendur. Dæmi um spurningar sem liggja að baki mati á einelti eru spurningar um það hvort nemendur finnst þeir baktalaðir, skildir útundan eða einhver sagt eitthvað særandi við þá. Þessar niðurstöður eru okkur tilefni til frekari vinnu með nemendum.

